

Fundur 18.3.2024 Margrét frá Fáskrúðsfirði um 1490 uppi.

Góða kvöldið og komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið og velkomin.*

Veit ég að ég hef ekki langan tíma að koma mínu erindi í gegn, en vona ég að það verði ykkur öllum til gagns og gleði.

Finn ég hér orku og lífsgleði og framlífs jörð og vona ég að það komist til ykkar og hef ég svo lengi hugsað um læknisfræði og heilsufræði að gleður það mig, fengið heilsu og bót á langtíma sjúkdómi sem var erfðafræðilegs eðlis og átti hann eftir að skjóta upp kollinum margsinnis á framlífs hnöttum.

En höfum við skilið ýmislegt betur og þakka ég bættu heilsu og ættar minnar.

Vildi ég gjarnan vera komin aftur á gamla Ísland, þar sem mér finnst svo margt ógert þar á gamla landinu og mörgum spurningum ósvarað.

En við skynjum til ykkar og mér finnst ég alltaf aukast af kærleka og viti og eiga betur með að senda ykkur kærleiks orku og öðrum og áður en orkan minnkar of mikið hér í kvöld, vil ég koma að erindi mínu.

Líf mitt var stutt á jörðinni og rakst ég aftur á það í framlífi, eftir þá miklu gleði og undrun sem mætti mér að komast á framlífs jörð, að bæði æfi mín og annarra ættingja nákominna var í við styttri en margra sem ég þekkti og var ég því komin á þriðju framlífs jörð mína þegar áhugi minn á læknisfræði vaknaði og var það á sama tíma og þjóðfélagið fór að taka við sér á þriðju framlífs jörð minni í náttúrfræðilegum efnum og fólk fór almennt að spurja sig slíkra spurninga og framfarir urðu.

Frá hinu frumstæða til hins vísindalega og hef ég haldið áfram á þeirri braut, en þeim spurningum var ósvarað, þar til ég komst á fjórðu og fimmtu framlífs jörð mína, hvers konar erfðafræðilegir sjúkdómar við áttum við að etja, en hamlaði það okkur mikið að á fyrstu framlífs jörð minni, voru þær hugmyndir uppi að allir sem hefðu við eitthvað slíkt glíma, væru undir bölvun Satans eða Drottins.

Og hamlaði það læknisfræðilegum framförum, en komust við út úr því sem þjóðfélag og var það mjög til bóta.

En varð það úr að bót fékkst á þessum sjúkdómi um tíma, en með öðrum samgangi annarra ætta komu upp svipuð vandamál og varð það að rannsaka betur og fá betri svör og gerðist það nokkuð nýlega og hef ég í síðustu tveimur framlífs tilverum mínum, fengið betri svör en áður hvað veldur því að slíkir sjúkdómar koma fram og hefur það aukið mér kærleika og visku og vona ég að ég komi því að.

Sagt er að fyrir langa löngu þegar tröllakyn það sem Jahve telst til komust yfir sköpunina og eignuðu sér, hafi þau sett það inn í samninga að ýmis konar sjúkdómar myndu herja á þetta fólk, til þess að hreysti þeirra og samtaka máttur myndi ekki ógna Jahve um of og stuðla að uppreisnum sem mundu ná fótfestu víðar.

Og þurftum við að finna ákveðna forfeður okkar og formæður og láta þau friðmælast og tengjast fjölskylduböndum öðrum til þess að skapa ný orku tengsli sem fyrirbyggðu þessa neikvæðu orku í fortíðinni sem aftur og aftur barst til framlífs hnattanna.

Er það verkefni að vísu ekki búið, en hefur það verið mikil hjálp í þá átt að ná samtaka mætti gegn þessum helstefnu öflum meðal þessa fólks og efla það af kærleika og heilsu, en það verkefni er ekki að fullu búið.

Var ég uppi á tímum kaþólskunnar og íslensk kona, um 1490 heiti Margrét.

*Vertu velkomin.*

Já takk fyrir, frá Fáskúrðsfirði.

Já það er frá mörgu að segja og læknir, hef nú notið lengri æfi og allir þeir sem þjáðust af þessum sjúkdómi, en meira er eftir að rannsaka enn og nýt ég þess mjög að segja ykkur frá þessu, því ekki efast ég um að læknisfræði ykkar jarðar muni komast að sömu stefnu fyrr eða síðar.

En það er hin, orkan er farin að minnka, miðillinn nær ekki, það er hinn óplægði akur vísindanna sem er kærleikurinn og tengslin á milli einstaklinganna, kærleikur og annað.

Verð ég nú að kveðja en þakka fyrir mig og vona að ég komist síðar, verið þið sæl.

*Vertu blessuð.*